

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1968  
komudagur 26. 4. 2012



Atvinnuveganefnd Alþingi  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík

Akureyri 21. apríl 2012

Efni: Frumvörp nr. 657 um stjórn fiskveiða og nr. 658 um veiðigjöld.

Hinn 19. apríl sl. gekkst Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar (AFE) fyrir opnum fundi um þær breytingar sem boðaðar eru á starfsumhverfi sjávarútvegs. Framsögumenn og þeir sem síðar tóku þátt í pallborði voru m.a. fulltrúar útgerðar, fiskvinnslu, sveitarstjórna og stoðfyrirtækja sjávarútvegs.

Í upphafi var farið yfir það hvaða lagaleg áhrif frumvörpin hefðu og útskýrðar helstu breytingar sem væru í frumvörpunum ásamt því að fara yfir helstu breytingar sem hafa orðið á löggjöfinni síðustu ár.

Á fundinum komu fram miklar áhyggjur af mögulegum afleiðingum þess ef frumvörpin yrðu óbreytt á lögum. Sérstaklega var það gagnrýnt hve há veiðigjöldin kynnu að verða og myndu þannig lögð á ganga mjög nærri fyrirtækjum á svæðinu.

Skýrt kom fram að sú mikla óvissa sem fylgt hefur langvinnri umræðu um breytingar á starfsumhverfi sjávarútvegs er mjög vond fyrir byggðapróun og uppbyggingu í Eyjafirði. Óvissan fer verst með sjávarbyggðir og kom skýrt fram hjá fulltrúum fiskverkafólks að það væri uggandi um sína stöðu og lífsafkomu.

Því var lýst að þó því fólki sem vinnur beint við sjávarútveg, veiðar og vinnslu hafi fækkað mikið, einkum vegna tæknibreytinga og nú síðast einnig vegna niðurskurðar í veiðiheimildum, þá hafi margvísleg nýsköpun og ýmis glæsileg og mikilvæg fyrirtæki orðið til sem styðji við tæknivæddan sjávarútveg og afli auk þess sífellt meiri gjaldeyris. Áhyggjum var lýst af því að lögleiðing frumvarpanna yrði sú að útgerðarfyrirtæki á Íslandi hefðu hvorki efni á endurnýjun tækjakosts né framþróun. Afleiðingin yrði sú að engin nýsköpun yrði í greininni.

Í umræðum kom einnig fram að auk veiðgjaldanna myndi skerðing aflaheimilda hafa mikil áhrif á starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja við Eyjafjörð sem væri mikið bolfiskvinnslusvæði. Þeirri spurningu var varpað fram hvort frumvörpin tækju nægjanlegt mið af tæknivæddum sjávarútvegi eða hvort þau vísuðu e.t.v. meira aftur til fortíðar en til framtíðar.



Fram kom að sum sveitarfélög í Eyjafirði hafa látið reikna út fyrir sig hver áhrif nýrra laga gætu orðið á fyrirtæki í viðkomandi sveitarfélögum. Einnig voru sum fyrirtæki búin að reikna sína stöðu. Niðurstöðutölur þessarra útreikninga gefa ástæðu til þess að hafa miklar áhyggjur af afkomu og lífsskilyrðum á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í lokin dró fundarstjóri, Geir Kristinn Aðalsteinsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, saman niðurstöður umræðunnar á fundinum: Fólk í héraði hefur gríðarlegar áhyggjur. Óvissan er algjör og mál virðast ekki hugsuð til enda. Ljósir punktar vart finnanlegir og algjör skortur á samráði. Löggjöfin verður vond fyrir Eyjafjörð.

Akureyri, 21. apríl 2012

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson

Framkvæmdastjóri